

FUNDARGERÐ

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna haldinn 12. apríl 2007 á Hótel Loftleiðum

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna fyrir árið 2006 var haldinn á Hótel Loftleiðum, Þingsal 1, fimmtudaginn 12. apríl 2007 kl. 17:30. Fundurinn hófst með því að Friðbert Traustason, formaður stjórnar sjóðsins bauð gesti velkomna og setti fundinn. Hann lagði til að Hinrik Greipsson yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt með lófataki. Hinrik tók við stjórn fundarins og lagði til að Árni Þór Þorbjörnsson tæki að sér fundarritun. Jafnframt tilkynnti hann að hann hefði kynnt sér boðun fundarins og lýsti því yfir að hún væri í samræmi við samþykktir sjóðsins og þar með væri fundurinn löglegur.

Á fundinum lágu frammi eftirfarandi gögn:

- 1) Ársreikningur og ársskýrsla stjórnar fyrir árið 2006.
- 2) Tryggingarfræðileg úttekt Bjarna Guðmundssonar, cand. act. fyrir báðar deildir sjóðsins miðað við árslok 2006.
- 3) Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins.
- 4) Samþykktir Lífeyrissjóðs bankamanna.

Var nú gengið til formlegrar dagskrár í samræmi við 6. gr. samþykktu sjóðsins. Röð dagskrárliða var eftirfarandi skv. samþykktum sjóðsins og ákvörðun fundarstjóra:

- 1) Skýrsla stjórnar.
- 2) Kynning og afgreiðsla ársreiknings sjóðsins
- 3) Tryggingarfræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.
- 4) Fjárfestingastefna sjóðsins og árangur fjárvörsluaðila.
- 5) Fyrirliggjandi tillögur nr. 1-5 um breytingar á samþykktum sjóðsins sbr. ákvæði 7. gr.
- 6) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.
- 7) Laun stjórnar- og skoðunarmanna
- 8) Kynnig á fyrirliggjandi tillögum nr. 6-10 um breytingar á samþykktum sjóðsins.
- 9) Önnur mál.

1) Skýrsla stjórnar

Friðbert Traustason, formaður stjórnar reifaði helstu þætti í starfsemi sjóðsins á síðasta ári.

Stjórnarfundir á árinu voru haldnir reglulega og voru þeir auglýstir á heimasíðu sjóðsins þannig að sjóðfélagar hafa getað gengið að því sem vísu hvenær erindum þeirra til sjóðsstjórnar verði sinnt. Einnig hefur stjórnin haldið reglulega vinnufundi með fjárvörsluaðilum. Farið var yfir fjárfestingastefnu deildanna og þeim breytt á árinu og samningar við fjárvörsluaðila endurnýjaðir.

Vandi Hlutfallsdeildar var fyrirferðarmikill í starfi stjórnar á síðasta ári. Milkill tími stjórnar fór í vinnu með lögfræðingi sjóðsins og tryggingafræðingi vegna undirbúnings dómsmáls og síðar lausnar þeirrar deilu. Vinna við að breyta Stigadeild í aldurstengdar deildir hófst síðastliðið haust og er í fullum gangi.

Hámark sjóðfélagalána er nú 25 milljónir og er eftirspurn að aukast aftur. Vextir lánanna eru nú 4,6%.

Nýr samningur um eftirlit með fjárvörsluaðilum var gerður við Deloitte en Ráðgjöf og efnahagsspá hafði þetta eftirlit með höndum áður. Þá eru eignir í vörslu lífeyrissjóðsins sjálfs í skoðun, sérstaklega eignarhluti Stigadeildar.

Starfsmenn sjóðsins eru 3 í þremur stöðugildum og sjóðurinn er enn til húsa að Suðrlandsbraut 24.

Friðbert gat þess að stjórnarmenn hafi með virkum hætti komið að stærri ákvörðunum, t.d. varðandi úrskurði um lífeyri og lán, en ekki skipt sér af daglegum rekstri. Sú spurning sem stjórnir sjóða af þessari gerð stæðu frammi fyrir væri hvort væri heppilegra að semja við fjárvörsluaðila eða að ráða sérfræðinga í eignastýringu til starfa hjá sjóðnum sjálfum. Hins vegar væri sjóðurinn með einn lægsta rekstrarkostnað lífeyrissjóða sem þekktist á Íslandi og að kjörnir skoðunarmenn sjóðsins hefðu mjög virkt aðhald og eftirlit.

Friðbert fjallaði sérstaklega um aðgerðir sem gripið var til á árinu til lausnar vanda Hlutfallsdeildarinnar. Rifjaði hann m.a. upp þær forsendur sem gengið var út frá við stofnun Hlutfallsdeildar. Fyrir lá fyrir all nokkru að þessar forsendur hefðu ekki gengið eftir.

Sumarið 2006 var skrifað undir samkomulag um lausn á vanda Hlutfallsdeildarinnar milli stjórnar sjóðsins og forsvarsmanna Seðlabankans, Landsbankans, Reiknistofu bankanna, VISA og Fjármálaeftirlitsins. Frá því að meginatriði samkomulags voru undirrituð var tíminn fram í september notaður til útreikninga og annaðist Bjarni Guðmundsson, tryggingafræðingur sjóðsins, þann þátt mála. Sigurjón Árnason bankastjóri Landsbankans stjórnaði viðræðum fyrir hönd aðildarfyrirtækjanna.

Meginatriði þeirrar lausnar sem aðilar uðru sammála um eru þessi:

- Fyrirtækin greiða inn vegna hækkunar launa sjóðfélaga Hlutfallsdeildar umfram þær hækkanir sem fólgnar eru í kjarasamninga SÍB frá ársbyrjun 1998 til ársloka 2005
- Einnig munu fyrirtækin greiða inn allt að 25 milljónir á ári vegna rekstrarkostnaðar sjóðsins (umfram 10 millj.)

Samkomulagi í þessa veru var undirritað í desember 2006.

Markmið með samkomulaginu er að koma sjóðnum niður í ca -3,5% hreina eign m.v. heildarskuldbindingar, en staðan var -10,8% í árslok 2005. Ef raunávöxtun nær a.m.k. 4,6% að meðaltali næstu árin þá duga þessar aðgerðir til að ekki þurfi að skerða réttindi í sjóðnum. Ef ávöxtunin verður þessi þolir deildin hækkun launa sem nemur vísitölu neysluverðs auk u.þ.b. 1% umfram hana, ásamt því að standa undir áföllnum skuldbindingum

Hrein eign í Hlutfallsdeild til greiðslu lífeyris hækkaði á árinu um 3,692 m.kr. og styrktist staða deildarinnar því verulega á árinu 2006. Greiðandi sjóðsfélögum fer fækkandi og greiddur lífeyrir er nú nær þrefalt hærri en innborganir sjóðfélaga. Hrein raunávöxtun ársins var rúmlega 6%. Ávöxtun Hlutfallsdeildar var ágæt miðað við varkára fjárfestingastefnu en mestur hluti eigna deildarinnar er í skuldabréfum eða um 85% og hlutfall eigna í íslenskum krónum er u.þ.b. 86%.

Hins vegar gæti enn steðjað vandi að Hlutfallsdeildinni en hann gæti skapast vegna 95 ára reglunnar og þeirrar staðreyndar að fleiri og fleiri nýta sér hana. Nýting reglunnar skýrist þó með hverju árinu sem líður.

Með þeim aðgerðum sem gripið var til á árinu og því samkomulagi sem náðist er Hlutfallsdeildin nú á lygnari sjó en áður og mun vonandi geta staðið við allar skuldbindingar um greiðslu lífeyris. Stjórnin metur niðurstöðuna þannig að það hafi verið gæfuspör að ná því samkomulagi sem undirritað var í desember í stað þess að láta reyna á rétt sjóðfélaga í Hlutfallsdeild í dómsmáli. Lögum hefur nú verið breytt þannig að þessi deild fellur undir sömu skilyrði og allir aðrir samtryggingarlífeyrissjóðir, sem ekki hafa bakabyrgð frá launagreiðanda.

Þá snéri Friðbert sér að umfjöllun um Stigadeild. Hrein eign Stigadeildar til greiðslu lífeyris hækkaði um 2.454 m.kr. Hrein raunávöxtun var 9,84% og var því mjög góð. Deildin þolir betur sveiflur en Hlutfallsdeildin þar sem langt er í þunga af lífeyrisgreiðslum. Meirihluti eigna er í skuldabréfum, en einnig nokkur í hlutabréfum.

Sjóðfélögum fjölgar jafnt og þétt og eru þeir nú 1791 og innborganir eru miklu hærri en greiddur lífeyrir. Stigadeildin er vel stödd hvað varðar áfallnar skuldbindingar. Á lífeyri eru nú 43 sjóðsfélagar, helmingur vegna örorku. Allir nýráðnir greiða til Stigadeildar og nauðsynlegt er að aðildarfyrirtækin standi við þann samning að allir nýir starfsmenn greiði til Lífeyrissjóðs bankamanna.

Í máli Friðberts kom fram að hann teldi að deildin væri vel stödd hvað varðar áfallnar skuldbindingar eða 47,11% eign umfram áfallnar skuldbindingar. Friðbert sagði að ef ætti að breyta Stigadeildinni í aldurstengda deild þá væri nú rétti tíminn til slíkra breytinga. Í aldurstengdri deild skapa iðgjöld réttindi í samræmi við ávöxtunartíma og auðveldara er að flytja réttindi á milli sjóða. Aldurstengda leiðin er sú leið sem ASÍ og Samtök atvinnulífsins hafa samið um í sínum kjarasamningum. Aðferðin við breytinguna verður vel kynnt fyrir sjóðfélögum Stigadeildar. Umframeign yrði þá notuð til að bæta stöðu þeirra sem eiga eldri réttindi, þannig að staðan verði sem næst því sem sjóðfélagi hafi greitt til aldurstengdrar deildar allan tímann. Kynningarefni verður sent til allra félaga og í framhaldinu haldnir kynningarfundir um breytinguna.

Ávöxtun eigna sjóðsins á síðasta ári var ágæt og í samræmi við fjárfestingarstefnur deildanna. Mun varkárari stefna er í gildi fyrir Hlutfallsdeild þar sem hún þolir ekki sveiflur en ávöxtun hennar síðastliðin 10 ár eru í samræmi við ávöxtun annarra lífeyrissjóða á sama tímabili, eða 5,62%. Samningar við eignastýringarfyrirtækin Kaupþing og Landsbankann, voru endurnýjaðir.

Að lokum fór Friðbert yfir stjórnskipulag sjóðsins og rekstrarfyrirkomulag. Í stjórn sjóðsins á síðasta ári sátu auk hans, Sigurjón Gunnarsson og Helga Jónsdóttir sem fulltrúar sjóðfélaga, kosnir til tveggja ára í senn, og sem fulltrúar aðildarfyrirtækja sátu þeir Friðrik Halldórsson, Haukur Þór Haraldsson og Ingvar Sigfússon. Friðbert er formaður og Haukur Þór varaformaður. Starfsmenn sjóðsins eru 3; Sigtryggur Jónsson er framkvæmdastjóri, Svana M. Símonardóttir fulltrúi og Anna Karlsdóttir ritari.

Fundarstjóri gerði tillögu um að skýrslan yrði rædd eftir að ársreikningur hefði verið kynntur og gerði enginn athugasemd við það.

2) Kynning og afgreiðsla ársreiknings sjóðsins.

Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri sjóðsins gerði því næst grein fyrir ársreikningi sjóðsins og fór yfir hann fyrir hvora deild fyrir sig. Sigtryggur fór yfir yfirlit um breytingar á hreinni eign sjóðsins árið 2006. Því næst fór Sigtryggur yfir efnahagsreikning sjóðsins.

Hrein eign Hlutfallsdeildar hækkaði um 17,55% og raunávöxtunin var 6,17%. Hrein eign Stigadeildar hækkaði um 28,54% og raunávöxtun eigna deildarinnar var 9,84%. Þá gerði Sigtryggur grein fyrir efnahagsreikningi hvorrar deildar fyrir sig.

Eftir skýrslu framkvæmdastjóra gaf fundarstjóri orðið laust um skýrsluna og reikninga deildanna. Þá tók til máls Stefanía Guðmundsdóttir og spurði hver væri skýringin á því hvers vegna ávöxtun Hlutfallsdeildar væri svo mun lakari en Stigadeildar. Friðbert taldi að skýring myndi koma fram undir lið 4 síðar á fundinum en almennt væri svarið það að fjárfestingarstefna Hlutfallsdeildar væri mun varkárari en Stigadeildar.

Ekki tóku fleiri til máls og var ársreikningurinn og skýrsla stjórnar því næst borinn upp til samþykktar og var samþykktur samhljóða.

3) Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.

Bjarni Guðmundsson, tryggingafræðingur sjóðsins gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt deilda sjóðsins en skýrslur hans lágu fyrir fundinum. Bjarni benti fundarmönnum á helstu niðurstöður úttektarinnar í fyrirliggjandi skýrslum um báðar deildir. Þá gerði Bjarni grein fyrir þeim aðferðum sem beitt er við úttektina.

Niðurstaða tryggingafræðilegrar úttektar Bjarna var sú varðandi Hlutfallsdeild að skuldbindingar eru 2,95% umfram eignir og hefur staða deildarinnar batnað verulega frá síðustu tryggingafræðilegu úttekt. Niðurstaðan nú er að mati Bjarna innan þeirra marka sem ákvæði laga nr. 129/1997 tilgreina.

Niðurstaða tryggingafræðilegrar úttektar Bjarna varðandi Stigadeild var sú að skuldbindingar eru 5,4% umfram eignir. Staða Stigadeildar er innan þeirra marka sem lög kveða á um varðandi hvenær grípa þarf til aðgerða vegna skuldbindinga umfram eignir. Ljóst er þó að halli á framtíðarstöðu er verulegur og hugsanlegt að deildin geti ekki til frambúðar staðið undir þeim réttindaákvæðum sem núgildandi samþykktir kveða á um. Réttindaákvæðin eru sambærileg við það sem best var hjá almennum íslenskum lífeyrissjóðum þegar deildin var stofnuð, en síðan hafa flestir sjóðir dregið verulega úr þeim réttindum sem lofað er eða hækkað iðgjöld vegna þeirra breytinga sem orðið hafa á meðalævilengd og ororkulíkum síðustu ár.

Orðið var því næst gefið laust til umræðu um tryggingafræðilega úttekt. Bjarni Bragi Jónsson varpaði fram spurningu sem Bjarni Guðmundsson gerði tilraun til að svara varðandi hlutföll iðgjalda til Stigadeildar.

Björn Tryggvason spurði hvort breyting í aldurstengdan sjóð hefði áhrif á framtíðarskuldbindinguna. Bjarni svaraði því til að umframeign yrði nýtt til að bæta öðrum sem ættu eldri réttindi upp það tap sem þeir yrðu fyrir, þannig að staðan verði sem næst því sem sjóðfélagi hafi greitt til aldurstengdrar deildar allan tímann. Aðferðarfræðin við þetta verður kynnt síðar á fundum með félögum í Stigadeild vegna fyrirhugaðrar breytingar.

4) Fjárfestingarstefna sjóðsins – árangur fjárvörsluaðila

Þá tók til máls Haukur Þór Haraldsson, varaformaður sjóðsins og gerði grein fyrir árangri fjárvörsluaðila á árinu 2006.

Haukur Þór kynnti árangur fjárvörsluaðila. Árangursmæling fer fram út frá ávöxtun umfram ákveðið viðmið varðandi það safn eigna sem er með virkri stýringu. Kaupþing hafði betur í ávöxtun eigna beggja deilda en báðir aðilar voru umfram viðmið varðandi eignir Stigadeildar.

Haukur Þór gerði grein fyrir mismunandi fjárfestingarstefnu hvorrar deildar sjóðsins. Þar sem fjárfestingarstefna Stigadeildar er áhættusæknari er eðlilegt að ávöxtun þar hafi verið hærri en það þýðir að sveiflur verða meiri að sama skapi.

Haukur Þór upplýsti að stjórnin væri ánægð með ávöxtun eigna beggja deilda sjóðsins á síðastliðnu ári.

Nokkrar umræður sköpuðust um fjárfestingastefnu og árangur fjárvörsluaðila.

5) Fyrirliggjandi tillögur nr. 1-5 um breytingar á samþykktum sjóðsins

Friðbert Traustason tók til máls og skýrði þær tillögur sem fyrir fundinum lágu.

Fyrsta tillaga.

5.gr.

Önnur málsgrein orðist svo:

Sjóðurinn skal árlega senda út til sjóðfélaga upplýsingar um greiðslur þeirra til sjóðsins, væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum hans.

Þriðja málsgrein orðist svo:

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem sjóðstjórnin velur, og tveimur skoðunarmönnum sem kosnir skulu á ársfundi sjóðsins. Skal endurskoðun reikninga sjóðsins lokið fyrir lok næsta almanaksmánaðar fyrir ársfund ár hvert. Sameiginlegum rekstrarkostnaði sjóðsins skal skipt milli deilda sjóðsins í hlutfalli við eignir þeirra.

Önnur tillaga

6.gr.

Fyrsta málsgrein orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal efna til ársfundar eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert. Fundinn skal boða með mánaðar fyrirvara með tryggilegum hætti m.a. með auglýsingu í a.m.k. einu dagblaði. Rétt til setu á ársfundi hafa allir sjóðfélagar og hafa þeir tillögurétt og jafnan atkvæðisrétt sbr. þó 2. mgr. 7. gr.

Þriðja tillaga

7.gr.

Fyrsta málsgrein orðist svo:

Tillögur um breytingar á samþykktum þessum skulu hafa borist stjórn a.m.k. tveimur mánuðum fyrir ársfund og kynntar sjóðfélögum viku fyrir ársfund. Miði tillögur að aukningu þeirra réttinda, sem sjóðurinn veitir eða fjárfestingarstefnu sem ætla má að hafi áhrif á getu sjóðsins til greiðslu lífeyris skal fylgja tryggingafræðileg úttekt á afleiðingum breytinganna á gjaldhæfi sjóðsins. Breytingatillagna á samþykktum sjóðsins skal getið í fundarboði og þær skulu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins.

Þrjár fyrstu tillögunar miða að því að geta haldið ársfund sjóðsins fyrr en gert er ráð fyrir í núgildandi samþykktum.

Fjórdá tillaga

11.gr.

Önnur málsgrein orðist svo:

Breytist vísitala neysluverðs til verðtryggingar er Hagstofa Íslands reiknar og auglýsir mánaðarlega, eftir að starfsmanni hafa verið ákvörðuð eftirlaun að hættu starfi, þá breytast eftirlaun í samræmi við það.

Fimmta tillaga

12. gr.

Fyrsta málsgrein orðist svo:

Hver sjóðfélagi sem ófær verður að gegna starfi sínu, eða missir einhvern hluta af launum sínum vegna örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef trúnaðarlæknir sjóðsins metur örorkuna að minnsta kosti 10% enda hafi sjóðfélagi greitt í sjóðinn í a.m.k. þrjú ár á síðustu fjórum og í sex mánuði á undangengnum tólf mánuðum. Örorkulífeyrir greiðist einungis ef orkutap varir í sex mánuði eða lengri tíma.

Fjórhá málsgrein orðist svo:

Skyllt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og tekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma rétt hans til örorkulífeyris.

Tillögur 1-3 gilda um báðar deildir en tillögur fjögur og fimm aðeins um Hlutfallsdeild.

Júlíus Óskarsson vildi ræða tillögu 2 varðandi það að auglýsing í dagblaði væri etv. ekki nægileg á breyttum dagblaðamarkaði. Einnig vildi Júlíus ræða breytingatillögu 4.

Kjartan Sigurgeirsson tók til máls og upplýsti um að munur væri á vísitölum þeim sem hægt er að nota til verðtryggingar.

Bjarni Guðmundsson tók til máls og talaði um að fyrir breytingartillögu 4 væru praktískar ástæður þar sem lífeyrissjóðurinn greiðir lífeyri út fyrirfram og vísitala neysluverðs er ekki til við útgreiðslu. Væri því í raun verið að færa ákvæði samþykktanna að raunverulegri framkvæmd.

Atkvæði voru fyrst greidd um 1-3 tillögu en þar höfðu allir fundarmenn atkvæðisrétt. Breytingarnar voru bornar upp til atkvæðis hver fyrir sig og voru samþykktar samhljóða.

Næst voru atkvæði greidd um 4 tillögu en um hana hafa einungis félagar í Hlutfallsdeild atkvæðisrétt. Breytingin var samþykkt samhljóða. Tillaga 5 var einnig samþykkt af félögum í Hlutfallsdeild en einn var á móti.

6) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.

Fyrir fundinum lá tillaga um að Hallfríður Gunnlaugsdóttir og Þorsteinn Egilsson núverandi skoðunarmenn sjóðsins yrðu kjörin og var það samþykkt með lófataki. Gunnlaugur Arnórsson hættir því nú eftir langt og farsælt starf í þágu lífeyrissjóðsins. Ingvar Sigfússon stjórnarmaður færði Gunnlaugi bestu þakkir sjóðsfélaga og stjórnar og tóku fundarmenn undir þær þakkir með lófataki.

7) Laun stjórnar- og skoðunarmanna.

Fyrir fundinum lá tillaga um að laun stjórnarmanna yrðu kr. 50.000.- á mánuði. Laun formanns tvöföld. Laun varaformanns ein og hálf laun stjórnarformanns. Laun varamanna kr. 25.000.- fyrir hvern fund, þó aldrei hærri en kr. 50.000.- á mánuði. Laun greidd eins og laun bankamanna. Var tillagan samþykkt.

Tillaga var borin upp um að laun skoðunarmanna yrðu kr. 25.000.- á mánuði, greidd eins og laun bankamanna og var hún samþykkt samhljóða.

8) Kynning á fyrirbyggjandi tillögum nr. 6-10 til breytinga á samþykktum

Bjarni Guðmundsson tryggingafræðingur tók til máls og gerði grein fyrir tillögunum sem felast í því að breyta Stigadeild í aldurstengt réttindakerfi.

Sjötta tillaga

Ný 19.gr. orðist svo:

19.0. Grundvöllur lífeyrisréttinda.

- 19.1.** Með greiðslum iðgjalda aflar sjóðfélagi sér réttinda til elli- og örorkulífeyris og maka og börnum sínum rétt til maka- og barnalífeyris eftir því sem kveðið er á um í greinum 19 til og með 24 og réttindatöflum sjóðsins I til V sem birtar eru í viðauka við samþykktir þessar og eru hluti þeirra. Tafla I sýnir árlegan lífeyrisrétt frá 67 ára aldri fyrir hvert 10.000 króna iðgjald fyrir reglulegar iðgjaldagreiðslur. Tafla II sýnir lækun ellilífeyris þegar taka lífeyris hefst fyrir 67 ára aldur. Tafla III sýnir hækun

ellilífeyris þegar taka lífeyris hefst eftir 67 ára aldur. Tafla IV sýnir árleg ellilífeyrisréttindi fyrir hvert 10.000 króna iðgjald sem greitt er á hverju aldursári frá 67 til 69 ára. Tafla V sýnir árlegan lífeyrisrétt fyrir eingreiðslu iðgjalda sem ekki veita rétt til framreiknings. Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.

- 19.2.** Óflun réttinda ræðst af aldri sjóðfélaga í lok þess launamánaðar sem iðgjald er greitt af til lífeyrissjóðsins samkvæmt töflu I í viðauka. Réttindin eru verðtryggð og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá þeim launamánuði sem iðgjald er greitt af. Lífeyrisréttindin eru skilgreind í greinum 21 til og með 24.
- 19.3.** Áunnin réttindi sjóðfélaga vegna iðgjalda til ársloka 2007 skulu varðveitt skv. þeim réttindareglum sem þá giltu. Þau skulu umreiknuð til krónutölu miðað við áunnin stig og þau grundvallarlaun sem í gildi voru í árslok 2007. Þau breytast síðan mánaðarlega í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.
- 19.4.** Nú falla niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda eða atvinnuleysis og ávinnur hann sér þá ekki réttindi meðan svo stendur. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með, þegar úrskurð skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.
- 19.5.** Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin réttindi, sbr. þó 19. gr. 4. mgr.

Sjöunda tillaga.

22.gr.

Fyrsta málsgrein orðist svo:

Sjóðfélagi, sem ekki er orðinn 67 ára og verður fyrir varanlegu orkutapi, sbr. gr. 22.2., á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin réttindi skv. 19. gr. fram að orkutapi, enda hafi hann greitt í lífeyrissjóð í samtals 24 mánuði og sannanlega orðið fyrir tekjuskurðingum af völdum orkutapsins. skv. gr.22.9. og 22.10.Örorkulífeyrir greiðist einungis ef orkutap varir í sex mánuði eða lengri tíma.

Ný sjöunda málsgrein orðist svo:

Nemi árlegt meðaltal, sem miða skal framreikning við samkvæmt 4 mgr. 22 gr. meira en kr. 12 millj. skal árlegur framreikningur aldrei miðast við hærri fjárhæð en kr. 6 millj. fyrir hvert ár. Breytist fjárhæð þessi í samræmi við breytingu á neysluverðsvísitölu til verðtryggingar, miðað við janúar 2007 266,2.

Ný níunda málsgrein orðist svo:

Aldrei skal samantlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir vegna örorkunnar. Við mat á tekjumissi er tekið tillit til atvinnutekna örorkulífeyrisþegans, lífeyris- og bótagreiðslna frá almannatryggingum og frá öðrum lífeyrissjóðum svo og kjarasamningsbundinna tryggingabóta sem hann nýtur vegna örorkunnar. Því til sönnunar getur stjórn sjóðsins krafist vottorða frá skattstofu, vinnuveitanda o.s.frv.

Ný tíunda málsgrein orðist svo:

Til mats á því hvort tekjuskurðing hafi orðið vegna örorkunnar skal úrskurða sjóðfélaganum viðmiðunartekjur, sem skulu vera meðaltal tekna sjóðfélagans síðustu þrjú almanaksár fyrir orkutapið verðbættar til úrskurðardags, sbr. lokamálsgrein gr. 22.4. og gr. 22.5. um

framreikning. Frá úrskurðardegi skulu viðmiðunartekjurnar taka breytingum í samræmi við breytingar sem verða á vísitölu launa.

Ný 11 málsgrein (núverandi níunda)orðist svo:

Skýlt er sjóðfélaga, sem sækir um örorkulífeyri eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar upplýsingar um heilsufar sitt og tekjur, sem nauðsynlegar eru, til þess að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

Áttunda tillaga.

28.gr.

Fyrsta málsgrein orðist svo:

Aðildarfyrirtæki Stigadeildar eru Landsbanki Íslands h.f., Seðlabanki Íslands, Kaupþing h.f., Landsbanki Luxembourg SA, Reiknistofa bankanna, Samband íslenskra bankamanna, Landsvaki h.f., Greiðslumiðlun h.f., Lánasýsla ríkisins, Sparisjóður Hafnarfjarðar og Sparisjóður Skagafjarðar. Stjórn sjóðsins er heimilt að veita öðrum fyrirtækjum aðild að Stigadeild enda samþykki þau reglur sjóðsins. Hætti aðildarfyrirtæki greiðslum iðgjalda til Stigadeildar fellur niður aðild viðkomandi fyrirtækis að deildinni.

Níunda tillaga.

37. gr. orðist svo:

Samþykktir þessar gilda frá og með 1. janúar 2008.

Tíunda tillaga

Viðauki

38.gr. Bráðabirgðaákvæði.

38.1. Við breytingu á réttindaöflunarkerfi stigadeildar við lok árs 2007 skal reikna eftir ákvæðum þessarar greinar áhrif sem skipti úr jafnri öflun réttinda í aldurstengda réttindaviðmiðun hefur á framtíðarréttindaöflun þeirra sjóðfélaga sem uppfylla skilyrði greinar 38.3.

Mun lífeyrissjóðurinn leitast við að bæta sjóðfélögum upp mismuninn að einhverju eða öllu leyti samkvæmt skilyrðum sem fram koma í 38.3. Verða til þess notaðar þær eignir lífeyrissjóðsins sem eru umfram áfallnar skuldbindingar hans þann 1. janúar 2008 eftir því sem þær endast til þess. Eignir sjóðsins umfram áfallnar skuldbindingar hinn 1. janúar 2008 skulu mynda sérstakan sjóð sem ekki verður notaður til annars en að uppfylla ákvæði þessarar greinar. Reynist eftir útreikning og uppbætur skv. gr. 38.3. vera eftir eignir í sjóðnum renna þær til að hækka hlutfallslega áunnin réttindi allra sem voru sjóðfélagar stigadeildar lífeyrissjóðs bankamanna hinn 31.12.2007.

38.2. Til að sjóðfélagar fái uppbætur samkvæmt ofangreindu verða þeir að uppfylla neðangreind skilyrði:

- a) eiga ekki ótímabundinn rétt til iðgjaldsgreiðslu með jafnri öflun réttinda í öðrum lífeyrissjóði.
- b) áunnu sér með greiðslum til lífeyrissjóðsins minnst 1/2 stig að meðaltali árin 2005 – 2007 eða höfðu áunnið sér 10 stig eða meira í árslok 2007 í sjóðnum.
- c) hafi ekki hætt iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóðsins á tímabilinu.
- d) eiga meiri rétt í sjóðnum en sem svarar tveimur stigum.
- e) hafa greitt iðgjöld til sjóðsins áður en þeir urðu 42ja ára.
- f) *hafa skriflega sótt um að fá uppbót á áunnin lífeyrisrétt skv. ákvæðum þessarar greinar og heimilað sjóðnum að afla upplýsinga um iðgjaldagreiðslur til annarra lífeyrissjóða á árunum 2003 -2007 og rétt til iðgjaldagreiðslu í jafnri öflun réttinda í þeim sjóðum, í því skyni að staðreyna réttindi skv. ákvæðum þessa samkomulags.*

38.3. Að uppfylltum ofangreindum skilyrðum gilda eftirfarandi reglur um úthlutun uppbótar til einstakra sjóðfélaga:

- 1.** Reikna skal út þann fjölda mánaða sem sjóðfélagi hefur greitt til lífeyrissjóðsins fyrir 42ja ára aldur. Til frádráttar þeirri tölu kemur tímabundinn réttur til greiðslu í jafnri öflun réttinda sem sjóðfélagi kann að hafa öðlast í öðrum lífeyrissjóð.
- 2.** Reikna skal réttindaöflun þeirra frá árslokum 2007 út frá meðaliðgjaldi síðustu 5 iðgjaldaáranna fyrir 2008 fyrir þann fjölda mánaða, sem reiknast út skv. 1. tl. þó lengst til 67 ára aldurs. Ekki skal þó reikna með hærra iðgjaldi en hámarki iðgjalds til framreiknings örorku- og makalífeyris sbr. gr. 22 og gr. 23. Bera skal saman réttindaöflun annars vegar m.v. jafna réttindaöflun með stuðli sem samsvarar meðaltali töflugilda fyrir aldursárin 25 til og með 64 í töflu I. og hins vegar miðað við aldursháða réttindaöflun samkvæmt réttindatöflu I. Iðgjöld áranna sem ákvarða meðaltalsiðgjaldið í framreikningi skulu hækkuð hlutfallslega út frá hlutfalli vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í desember 2008 og meðaltali vísitölu hvers árs. Loks er fundið eingreiðsluiðgjald samkvæmt töflu V sem þarf til að veita sjóðfélaganum þau réttindi sem upp á vantar, og telst sú fjárhæð séreignarframlag til hvers sjóðfélaga.
- 3.** Séreignarframlag hvers sjóðfélaga skv. framanskráðu verður greitt að því marki sem staða uppbótarsjóðs skv. gr. 38.1. gerir ráð fyrir.
- 4.** Miðað er við að allar nauðsynlegar upplýsingar liggi fyrir á 2. ársfjórðungi ársins 2009 og að tryggingarfræðingur sjóðsins vinni þá yfirlit um rétt til séreignarframlags skv. framanskráðu. Fari svo að útreiknaður réttur verði umfram þá fjármuni sem þá eru til ráðstöfunar, skal færa öll útreiknuð séreignarframlög niður hlutfallslega uns jafnvægi hefur náðst milli réttinda og eigna.
- 5.** Fjárhæðir þær sem ákvarðaðar verða sem séreignarframlög til sjóðfélaga skulu lagðar inn til vörsluaðila lífeyrissparnaðar að vali sjóðfélaga.

Við útsendingu sjóðfélagayfirlits fyrir lok septembermánaðar 2008 skal stjórn sjóðsins sérstaklega vekja athygli allra þeirra sjóðfélaga, sem gætu átt rétt til séreignarframlags skv. 3. grein og skora á þá að sækja um og leggja fram tilskilin gögn, vilji þeir koma til álita við úthlutun uppbótar á lífeyrisréttindi. Áskorun þessa skal jafnframt birta í dagblöðum. Hafi viðkomandi sjóðfélagar ekki skilað inn tilskildum gögnum innan þess frests sem gefinn verður skal sjóðurinn hvetja viðkomandi sjóðféлага til að leggja fram gögnin. Sjóðurinn mun jafnframt leita allra leiða til að sjóðfélagar, sem eiga rétt á séreignarframlagi missi ekki þann rétt.

Nokkrar umræðu fóru fram um það kynningarferli sem stjórnin áætlaði í framhaldinu varðandi þessar breytingar úr stigadeild í aldurstengt kerfi.

Þar næst lagði stjórn sjóðsins fram eftirfarandi dagskrártillögu:

“Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna, haldinn 12. apríl 2007, samþykkir að fresta afgreiðslu tillagna til breytinga á 19. gr, 22. gr. og 38. gr. samþykkt sjóðsins, til framhaldsfundar sem halda skal eigi síðar en í október 2007 að undangenginni nánari kynningu meðal sjóðfélaga”.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri og fundarritari fengu umboð til þess að ganga frá fundargerð fundarins. Því næst var fundi frestað laust fyrir kl. 20:00. Fundarmenn voru um 49 talsins.

Reykjavík 12. apríl 2007

Fundarstjóri:

Fundarritari: